

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2015
Tilvísun: 2014090007/21.0
Verknúmer: 3241005

Efni: Leiðréttинг á fjölda virkjunarkosta og vindorkukostir frá Landsvirkjun

Þann 6. mars sl. var fullyrt að nær 80 virkjunarkostir væru fullunnir og skal það nú leiðrétt í kjölfar ábendingar.

Endanlegur listi yfir alla virkjunarkosti telur 81 virkjunarkost. Virkjunarkostir í vatnsafli eru 48 og virkjunarkostir í jarðvarma eru 33 í þriðja áfanga rammaáætlunar.

Upplýsingar um þessa 81 virkjunarkosti og lista yfir þá er að finna á vefsíðu stofnunarinnar:

<http://www.os.is/raforka/rammaaaetlun/erindi-til-verkefnisstjornar-rammaaaetlunar-3/>

Í erindi sem sent var verkefnisstjórn þriðja áfanga rammaáætlunar þann 20. janúar 2015 var gerð grein fyrir túlkun Orkustofnunar á lögum nr. 48 frá 2011:

„Rétt er að taka fram að Orkustofnun telur við nánari athugun að lög nr. 48/2011 nái ekki með ótvíræðum hætti til vindorku almennt eða sjávarfallaorku utan netlaga sbr. minnisblað sem sent var til umhverfis- og auðlindaráðuneytis þann 29. október s.l. (tilvísun 2014010025). Því verða vindorkukostir, sem Orkustofnun hafði sjálf byrjað undirbúning á, ekki sendir verkefnisstjórn til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar. Þó ber að geta þess að vegna réttaróvissu um skoðun Orkustofnunar, m.a. vegna túlkunar umhverfis- og auðlindaráðuneytis, munu virkjunarkostir í vindorku við Blöndulón og við Búrfell verða sendir verkefnastjórninni, óski Landsvirkjun þess til að tryggja réttaröryggi sitt varðandi þá virkjunarkosti.“

Orkustofnun hefur nú borist skilgreining á tveimur vindlundum frá Landsvirkjun og fylgja þeir erindi þessu. Um er að ræða Búrfellslund og Blöndulund.

Orkustofnun áskilur sér rétt til uppfærslu og leiðréttингar á skýrsludrögum eftir því sem þurfa þykir, þar til endanleg útgáfa verður gefin út í heild, og verður verkefnisstjórn upplýst um mögulegar breytingar jafnóðum.

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra


Erla Björk Þorgeirsdóttir


Skúli Thoroddsen